BORGARRÁÐ 11. nóvember 2026: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um aðgengi að rafmagni og vatni fyrir hjólhýsabyggð MSS26110031

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði að opna á ný fyrir aðgang að rafmagni og vatni fyrir hjólhýsabyggðina á Sævarhöfða 31 frá 16.nóvember 2026 þannig að aðgangur verði tryggður til til 1.apríl 2027. Menningar- og íþróttaráði yrði falið að útfæra fyrirkomulag kostnaðar í samráði við íbúa.

Greinargerð
Lokað var fyrir aðgengi að rafmagni og vatni á Sævarhöfða 31 frá og með 2.nóvember 2026. Enn eru hjólhýsi á svæðinu og íbúarnir þar geta hvergi leitað. Borgin hefur ekki boðið upp á önnur úrræði. Rafmagnsleysið ógnar öryggi og heilsu íbúana sérstaklega yfir vetrarmánuðina þar sem íbúar geta ekki hitað upp híbýli sín. Búið er að leggja fram þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórninni að skapa lagalegan grundvöll fyrir varanlegri búsetu í samþykktum færanlegum búsetueiningum á svæðum sem sveitarfélög hafa sérstaklega skipulagt til slíkrar búsetu.